

Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbæ
byggingarfulltrui@snb.is

14.03.2023

Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 Hellissandur og Rif, sjóböð í Krossavík, Hellissandi og nýtt deiliskipulag Krossavíkurböðin Hellissandi.

Krossavík við Hellissand er á svæði sem hefur verið skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (IBA), *Snæfellsnes*. Hún er einnig innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir B-hluta náttúruminjasrár vegna fjöruvistgerða og fugla.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um *Lýsingu-Breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 og nýtt deiliskipulag - Krossavík á Hellissandi*, er bent á að auk gróðurfars þurfi einnig að leggja mat á fjöruvistgerðir, og að í vestanverðri Krossavík eru m.a. fjöruvistgerðir með mjög hátt verndargildi þ.e.a.s. klóþangsfjörur sem og strandlendis-vistgerðir, einkum sjávarfitjungsvist. Einnig þurfi að gera úttekt á fuglalífi svæðisins og meta þurfi áhrif af skipulagsáformunum á bæði fjöruvistgerðir, fugla sem og jarðminjar.

Fuglavernd telur að þessum ábendingum Náttúrufræðistofnunar sé alls ekki nægilega vel sinnt í fyrirbyggjandi greinargerðum og umhverfismatsskýrslu og að frekari athugana sé þörf svo hægt sé að meta áhrif skipulagsáforma á þessa þrjá þætti.

Í umhverfismatsskýrslunni segir: „Æskilegt er að fylgjast með fuglalífi að sumarlagi og æfingaflugi kríuunga fyrir brottflug á haustin svo unnt verði að vinna utanhússframkvæmdir utan varptíma og annarra viðkvæmra tímabila.“ Fuglavernd telur að það þurfi að skerpa verulega á þessu og tiltaka nánar hvaða rannsóknir á að stunda á hvaða tímabilum og þær aðferðir sem stendur til að beita.

Í umsögn sinni um Lýsinguna telur Umhverfisstofnun: „mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðin innan sveitarfélagsins í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og áhrif tillögunnar á svæðið.“

Fuglavernd telur að þessu sé ekki sinnt í fyrirbyggjandi gögnum og að Snæfellsbær ætti að marka sér stefnu í þessum efnum áður en tekið er til við að skipuleggja framkvæmdir inni á fuglasvæðunum.

Fuglavernd telur einnig að mjög skorti á í umhverfismatsskýrslu og greinargerðum að litið sé til mögulegra áhrifa af starfsemi baðstaðarins og stórauðinni umferð fólks á vistgerðir og fuglalíf.

Fuglavernd telur einnig að í umhverfismatsskýrslu skorti á að tekið sé mið af 14. gr. Laga 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana en þar segir m.a. í C lið að í umhverfismatsskýrslu skuli koma fram: „lýsing og mat raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar, þ.m.t.

núllkosta" Ekki verður séð af gögnunum að bornir séu saman raunhæfir valkostir eða núllkostur áætlunarinnar. Þetta er galli því eins og Umhverfisstofnun bendir á í sinni umsögn um *Lýsinguna* og vísar í lög nr. 60/2013 um náttúruvernd: "Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruþyrmbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir."

Fuglavernd telur ekki að „brýna nauðsyn“ (í skilningi náttúruverndarlaga) beri til að fara með framkvæmdir inn á óbyggt svæði á náttúruminjasrá, og alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (IBA) þar sem eru fágætar vistgerðir með hátt verndargildi þegar ekki hefur verið sýnt fram á að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Fuglavernd bendir einnig á að á aðalskipulagstillögunni er skilgreint iðnaðarsvæði fyrir vindmyllugarð sem eftir breytingu er allt innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Fuglavernd telur fráleitt að vindorkugarður geti átt heima innan Þjóðgarðsins á mikilvægu fuglasvæði með vistgerðir með hátt verndargildi og leggur til að Snæfellsbær fjarlægi iðnaðarsvæði fyrir vindmyllugarða af aðalskipulagi.

Fyrir hönd stjórnar Fuglaverndar
Hólmfríður Arnardóttir framkvæmdastjóri

